

Drög, 28. júlí 2024

Til Menntaráðs Kópavogsbæjar

Tillaga Tryggva Felixsonar, fulltrúa Vina Kópavogs í menntaráði

Athugun á reglum um snjalltækja í grunnskólum Kópavogs

Tillaga:

Gerð verði samantekt og samanburður á þeim reglum sem gilda um notkun snjallsíma og spjaldtölva (snjalltækja) í grunnskólum Kópavogs. Jafnframt verði gerð könnun á reynslu skólanna af reglunum og á grundvelli þeirrar könnunar verði varpað ljósi á áhrif aðgerða til að takmarka notkun snjalltækja á nám, vellíðan og þorskaferil barna í skólunum. Skýrslan skal liggja fyrir á nóvemberfundi menntaráðs.

Bakgrunnur

Í grein sem Atli Harðarson prófessor við Menntasvið HÍ skrifaði á www.vísir.is 10. júlí 2024 er greint frá bók sálfræðingsins Jonathan Haidt sem fjallar um um hvernig róttæk umbreyting á bernsku eru að valda faraldir geðrænn sjúkdóma. Atli segir í grein sinni að í stuttu máli sé „meginkenning Haidts á þá leið að tvær miklar breytingar á lífsháttum og lífsháttum barna valdi því að nú þjást mun fleiri ungmenni af kvíða og þunglyndi heldur en á árum áður. Önnur breytingin hófst á síðustu ártugum tuttugustu aldar og felst í því að tími til frjálsra leikja hefur minnkað og börn verja skemmri tíma en áður í hópi með öðrum börnum án eftirlits og afskipta fullorðinna. Hin breytingin er tilkoma samskiptamiðla (s.s. Facebook, Instagram og TikTok) á snjallsímunum.“ Fréttir af geðlyfjanotkun barna og ungmenna og árangri í PISA gef tilefni til að óttast að þróunin á Íslandi sé áþekkt.

Í bók Haidt, að sögn Atla, er fullyrt að snjallsímar valdi skaða á börnum á fjóra vegu:

- Draga úr samveru við fólk í raunheimum;
- Stytta nætursvefn;
- Hindra einbeitingu;
- Valda fíkn.

Haidt telur að bregðast þurfi við þessu og leggur til eftirfarandi aðgerðir:

- Engir snjallsímar fyrir 14 ára aldur.
- Engir samskiptamiðlar fyrir 16 ára aldur.
- Engir snjallsímar í grunn- og framhaldsskólum.
- Mun meira af frjálsum leikjum án eftirlits og afskipta fullorðinna.

Skólar og bæjarfélög á Íslandi hafa verið að setja reglur um notkun snjalltækja í ljósi þess að rökstuddur grunur leikur á því að þau spilli skólahaldi og valdi margs háttar vanlíðan.

Þá er rétt að vísa í [tillögur Barna- og ungmennabings 2024](#) þar sem segir m.a. „Símareglur virðast vera mismunandi á milli skóla, mætti samræma þær reglur. Ef ákveðið verði að minnka símanotkun á skólatíma þá þarf að huga að afþreyingu eins og pool borði, spilum og meira opið í félagsmiðstöðinni á skólatíma.“

Með þessari tillögu er lagt til að tekin verði saman skýrsla þar sem kemur fram samantekt og samanburður á þeim reglum sem gilda um notkun snjallsíma og spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs. Einnig verði reynt að afla upplýsinga um reynslu skólanna af þeim reglum sem gilda og hugsanlegum áhrifum á nám og vellíðan. Í

framhaldi verði málið tekið til umfjöllunar í menntaráði og þörfin fyrir sameiginlegt átaka í Kópavogi þessum málum rætt og metið.

[Samið um bann við snjallsímum í kennslustundum](#) [Snjallsímar og geðveiki meðal barna og unglinga](#)